

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1287****2022/EES/26/31****frá 9. september 2020****um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er
skráð sem landfræðileg merking (Hierbas de Mallorca) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 21. gr., í tengslum við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ⁽²⁾, tók framkvæmdastjórnin til athugunar umsókn Spánar frá 17. desember 2018 um samþykki fyrir breytingum á tækniskjalinu fyrir landfræðilegu merkinguna „Hierbas de Mallorca“ sem nýtur verndar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008. Þessar breytingar eru m.a. að breyta heitinu „Hierbas de Mallorca“ í „Hierbas de Mallorca“/„Herbes de Mallorca“.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, öðlaðist gildi 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar var III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 teljast tækniskjöl, sem lögð eru fram fyrir 8. júní 2019 sem hluti umsóknar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008, forskriftir fyrir afurð.
- 3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún umsóknina um breytingarnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽³⁾ eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.
- 4) Þar eð framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 ætti að samþykkja breytingarnar á forskriftinni skv. 2. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir að breyttu breytanda um breytingar á forskriftum afurða.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingarnar á nákvæmri skilgreiningu á heitinu „Hierbas de Mallorca“, sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eru hér með samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjttíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

(3) Stjttíð. ESB C 172, 20.5.2020, bls. 5.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.
